

Annar fundur vetrarins 2015-16 í Gammadeild DKG var haldinn miðvikudaginn 21. október, klukkan 18:30 í Háaleitis skóla, Hvassaleitisstarfsstöð.

Kristín Ástgeirsdóttir ræddi um aldarafmæli kosningaréttar kvenna. Edda Víkar var með Orð til umhugsunar.

Fundarsetning Gammakonur komu sér fyrir á bókasafni skólans. Þá setti Kristín Bjarnadóttir fund, hún kveikti á kertunum og minntist vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar. Kristín bauð Kristínu Ástgeirsdóttur fyrirlesara velkomna. Auk hennar voru tveir gestir á fundinum, þær Ragnheiður Stefánsdóttir og Jórunn Sigurbjörnsdóttir, þær voru einnig boðnar velkomnar. Síðan sagði Kristín frá vörþingi DKG á Íslandi sem haldið verður laugardaginn 30. apríl. Gamma- og Lambdadeild munu sjá um undirbúning þingsins, þær Ingibjörg Einarsdóttir og María Pálmadóttir hafa tekið að sér að vera okkar fulltrúar varðandi allan undirbúning þingsins en Menntamálanefnd mun sjá um dagskrána. Loks hvatti Kristín Gammakonur til að mæta á afmælishátíð DKG á Íslandi sem haldin verður laugardaginn 7. nóvember. Síðan minnti hún á næsta fund sem haldinn verður á heimili Anh-Dao. Þá var nafnakall, alls sóttu 21 konur fundinn. Einnig voru fluttar kveðjur frá nokkrum Gammasysturum sem gátu ekki verið með á fundinum.

Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Björg Eiríksdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Edda Pétursdóttir, Edda Víkar, Guðný Helgadóttir, Helga Halldórsdóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.

Fundargerð lesin Svana Friðriksdóttir las fundargerð síðasta fundar, hún var samþykkt.

Edda Víkar var með Orð til umhugsunar. Hún fjallaði m.a. um mikilvægi þess að halda jafnvægi í lífinu. Hún fór með okkur í gegnum það sem hún kallar núvitund með ímyndunar ívafi. Edda endaði orð sín á ljóðalestri, hún las fallegt ljóð um samskipti móður og barns. Ljóðið er eftir Jakobínu Johnson og heitir Vögguljóð. Kristín Bjarnadóttir þakkaði Eddu kærlega fyrir hennar góða innlegg sem var svo sannarlega til umhugsunar.

Fyrirlestur kvöldsins í upphafi fyrirlestrar síns um aldarafmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi kynnti Kristín Ástgeirsdóttir sig lítillega og sagði frá ferli sínum en hún hefur verið virk í íslenskri kvennabaráttu um áratuga skeið.

Kristín hóf mál sitt á að vitna í kvæðið „Fullrétti kvenna” sem þjóðskáldið Matthías Jochumsson orti í tilefni af því að íslenskar konur fengu kosningarétt þann 19. júní árið 1915.

Ég veit enga ambátt um veraldar geim,

Sem var ekki borin með réttindum þeim.

Þann 19. júní árið 1915 öðluðust íslenskar konur kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Þann dag braust út mikill fögnuður, að vísu var sá ljóður á lögnum að það voru eiungis konur sem orðnar voru 40 ára og eldri sem máttu kjósa. Þetta var samt mikilvægt skref í átt til þess að konur fengu að verða fullvalda einstaklingar. Í kjölfarið fylgdu mikilvægar réttarbætur sem styrktu réttarstöðu kvenna á fjölmörgum sviðum og stuðluðu að formlegu jafnrétti kvenna og karla

Kristín fór yfir aðdragandann sem var ótrúlega langur, hún sagði að 19. öldin hafi í raun verið öld félagshreyfinga. Íslenskar konur höfðu árum saman krafist kosningaréttar, þær höfðu stofnað félög, haldið fundi, safnað undirskriftum, gengið á fund þingmanna og gefið út blöð. Tveir þingmenn, þeir Skúli Thoroddsen og Ólafur Ólafsson, báru margsinnis fram frumvörp um kosningarétt kvenna seint á 19. öldinni en þau náðu ekki fram að ganga.

Kvenréttindakonur töldu sig hafa annarri reynslu að miðla en karlar, þær höfðu aðra sýn á samfélagið. Þær vissu að þær myndu koma fram með sterka siðgæðis-tilfinningu, meiri mannúð og næmari skilning á ýmsum þjóðfélagsmeinum. Þær vildu gefa velferðarmálum rödd og jafnframt að verða viðurkenndar sem löglegir borgarar þjóðfélagsins.

Eftir að hafa fagnað kosningaréttinum var ákveðið að stofna sjóð og hefja strax söfnun fjár fyrir landspítala. Konurnar vildu reisa kosningaréttinum minnisvarða og var það í þeirra anda að beita kröftum sínum í þágu allrar þjóðarinnar. Eftir 1915 var efnt til hátíðarhalda 19. júní ár hvert til að safna fé í sjóðinn sem á endanum lagði stóran skerf til hins nýja spítala.

Þegar lítið er yfir þau 100 ár sem liðin eru síðan kosningarétturinn fékkst þá sést að mikið vatn er til sjávar runnið. Kvennahreyfingin, sem starfað hefur öll þessi ár, hefur náð árangri á mörgum sviðum. Staða okkar er gjörólík stöðu kvennanna sem fögnuðu sumarið 1915. Þeirra barátta skilaði okkur áleiðis og fyrir það ber að þakka. Upp úr miðri síðustu öld urðu hér miklar þjóðfélagsbreytingar sem kölluðu konur til starfa úti í þjóðfélaginu í mun meira mæli en áður; við það ráku konur sig á misháa vegg kynjamisréttis. En það var samt ekki fyrr en eftir 1970 að ný bylgja kvennabaráttu hófst sem enn stendur. Konur vöknðu til vitundar um misréttið sem þær voru beittar og að þær stæðu nánast alfarið fyrir utan valdakerfi þjóðfélagsins. Konur fóru að beita sér fyrir ýmsum aðgerðum, úrbótum og rannsóknum. Nú er svo komið að íslenskar konur hafa menntað sig í stórum stíl og er atvinnuþátttaka þeirra einhver hin mesta í heimi. Þær eru orðnar mjög sýnilegar í þjóðfélaginu, þeim hefur fjölgað til muna á Alþingi og í sveitarstjórnnum með þeim árangri að tekið hefur verið á mörgum brýnum hagsmunamálum kvenna og fjölskyldna. Margir sigrar hafa unnist og marg sinnis hafa íslenskar konur komist í heimsfréttirnar fyrir aðgerðir sínar og samstöðu, má þar nefna kvennafrídaginn 1975 og kjör Vigdísar Finnbogadóttur.

Staða kvenna á Íslandi er þó langt frá því að vera viðunandi. Það skiptast á skin og skúrir og e.t.v. þarf hugarfarsbreytingu til þess að tryggja jafna stöðu kvenna og karla. Kristín telur að bæði samvinna og samstaða séu mjög mikilvæg í baráttunni fyrir þjóðfélagi jafnréttis og jöfnuðar, þ.e. lýðræðisríkis þar sem mannréttindi kvenna eru virt að fullu.

Í kjölfar þessa góða fyrirlestrar spunnust áhugaverðar umræður, einnig svaraði Kristín hinum ýmsu spurningum. Að lokum þakkaði Kristín Kristínu Ástgeirsdóttur kærlega fyrir þennan fróðlega fyrirlestur og færði henni rós, tákn samtakanna í þakklætisskyni. Henni var einnig þakkað fyrir með lófaklappi. Áður en við yfirlögum bókasafn skólans sleit Kristín formlegum fundi og slökkti á kertunum.

Veitingar bornar á borð. Eftir þennan áhugaverða fyrirlestur var gengið upp á aðra hæð skólans þar sem kennarastofan er staðsett. Þar voru veitingar bornar fram, nokkrar Gammakonur sáu um veitingarnar.

Fundarlök Fundinum lauk um klukkan 21:40

Fundargerð skráði Svana Friðriksdóttir.